

# VESTURSVÆÐI

FRÉTTABRÉF HAUST / VETUR 2012

Fögrufjöll ©Snorri Baldursson

## FYLGJÓUR HLÆÐI

**Markmið þessa fréttabréfs er að upplýsa um starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði, og vekja athygli á starfinu fram undan.**

Sumarið 2012 var gott og mun fyrr á ferðinni en árið 2011. Sex landverðir voru við störf í sumar, þar af þrír heimamenn, og tveir til viðbótar í afleysingum. Allir stóðu þeir sig með mikilli þrýði, starfið gekk vel og engin slys eða meiriháttar óhöpp urðu. Lítil þátttaka var þó í skipulögðu fræðslustarfi.

Lokið var við landvarðaskálann í Blágiljum og seint í haust var sett niður nýtt viðveruhús og gestamóttaka við Laka. Jafnframt var gamla viðveruhúsið flutt að bílastæðinu við Tjarnargíg. Þegar gengið hefur verið frá umhverfi húsanna næsta vor verður uppbyggingu í Lakagígum til næstu ára lokið.

Í sumar var haldið áfram að merkja og byggja upp göngustíga þjóðgarðsins og vegslóðinn frá Breiðbak austur fyrir Langasjó var stikaður í samstarfi við Ferðaklúbbinn 4x4. Þá var farinn leiðangur á Tungnaáröræfi til að yfirfara slóðakerfið þar.

Seint á árinu skilaði svæðisráð vestursvæðis tillögu til stjórnar þjóðgarðsins að verndaráætlun fyrir Langasjó og Eldgjá. Á næstu árum verður gert átak í að bæta aðstöðu ferðamanna og landvarða þar.

Í árslok bárust þau gleðitíðindi að ríkisstjórn Íslands hefði ákveðið að veita samtals 870 milljónir króna af ríkisfé til uppbyggingar Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri, en það mun meðal annars hýsa gestastofu vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það gamla.

**Snorri Baldursson**  
*þjóðgarðsvörður*

## FRAMKVÆMDIR 2012

### LAKAGÍGAR

Lokið var við seinni áfanga landvarðaskálans í Blágiljum. Skálinn getur hýst tvo til þrjá landverði. Hann er hannaður af Arkís arkitektum og samanstendur af þremur einingum, svefn- og baðherbergi, alrými með stofu og eldhúsi, auk geymslueiningar. Hver eining passar á vörubílspall og hönnunin gefur möguleika á að áfangaskipta framkvæmdum.

Lögð er áhersla á einfalt form og efnisval sem fellur vel að staðháttum og skapar góða umgjörð um starf landvarða. Einingarnar eru úr timbri. Skálinn í Blágiljum er klæddar að utan með corten stáli á veggjum og þaki en nota má fleiri efni í klæðningu. Lerkiklæðning er við inngang og á pöllum.

Byggingin og pallar eru afmarkaðir að utan með vegg úr hraungrjóti. Innveggir og innréttingar eru klæddir hvíttuðum birkikrossviði og á gólfum eru olíuborin birkigólfborð.

Utan þjónustutíma er hægt að loka fyrir glugga með hlerum. Húsið er hitað og lýst með gasi og rafmagni frá sólarcellum og efnarafli sem brennir metanóli.



Landvarðaskálinn í Blágiljum



Horft út um stofugluggann.

Seint í september var komið fyrir viðveruhúsi landvarða og gestamóttöku við Laka. Fyrir var á staðnum salerni sem reist var sumarið 2011.

Húsin eru hönnuð af teiknistofunni Argos – arkitektastofu Grétars og Stefáns. Þau er úr timbri með ómálaðri lerkiklæðningu sem veðrast vel.

Umhverfis húsin er hellulögð stétt þar sem koma má fyrir áningarborðum. Eftir er að setja niður lítinn geymsluskúr og skjólveggi til að fullgera áningaraðstöðuna.



Áningaraðstaðan við Laka. Ný gestamóttaka á vinstri hönd.

## ELDGJÁ

Í Eldgjá var haldið áfram að lagfæra og byggja upp göngustíga með aðstoð sjálfbóðaliða. Tilraunir hafa verið gerðar með að nota þrep úr smíðastáli, í stað timburs, í tröppustíga sem liggja í brattlendi. Smíðastálið ryðgar og fellur betur að rauðbrúnum vikurjarðveginum heldur en hvítt timbrið. Auðvelt er að koma stálþrepunum fyrir en þau eru þung ef bera þarf efni langar leiðir. Sjálfbóðaliðar aðstoðuðu einnig við gerð stígs úr hraunhellum upp að litla gígnum við bílastæðið í Eldgjá (*sjá myndir*).



T.v. Tröppustígur með stálþrepum. T.h. hellustígur upp á gígninn við bílastæðið í Eldgjá

## MERKINGAR

Merkingum aðkomuleiða, göngustíga og helstu áningarstaða þjóðgarðsins miðaði vel í sumar. Komið var fyrir fjórum nýjum kortaskiltum á Sprengisandsleið og Dyngjufjallaleið, fræðsluskilti sett niður í Eldgjá og varúðarskilti við Tungnaá og á Bárðargötu að sunnan og norðan. Gönguleiðir í Vonarskarði og við Langasjó voru merktar og stikaðar og einnig ökuleiðin frá Breiðbak austur fyrir Langasjó í samstarfi við Ferðaklúbbinn 4x4.

Farinn var leiðangur á Tungnaáröræfi til að kanna hvort allar slóðir sem þar eru merktar á þjóðgarðskortið væru færar bílum að sumri til. Á Tungnaáröræfum er fjöldi þekkra gps-ferla sem einhverntíman hafa verið eknir að sumri eða vetri á sleða, vélhjóli eða bíl. Í aðdraganda að stofnun þjóðgarðsins var reynt að grísa þessa ferla eftir bestu getu og hanna heildstætt leiðakerfi til að veita gestum aðgang að þessum fáförnu öræfum. Í leiðangri sumarsins reyndust flestar leiðir akfærar, en sumar þó aðeins á breyttum jeppum. Örfáir slóðar fundust ekki. Næstu ár verður haldið áfram að þróa og merkja leiðir á Tungnaáröræfum.



Margar leiðir á Tungnaáröræfum eru fáfarnar og aðeins fyrir öflugra jeppa

## SKIPULAGSMÁL

Svæðisráð vestursvæðis gekk frá endanlegri tillögu að verndaráætlun fyrir hið nýja svæði sem bættist við þjóðgarðinn sumarið 2011 og spannar um 420 km<sup>2</sup> lands á afréttum Skaftárhrepps, m.a. Langasjó og Eldgjá. Tillagan er í öllum aðalatriðum sú sama og auglýst var á vef þjóðgarðsins síðastliðið vor. Stjórn þjóðgarðsins er nú að yfirfara tillöguna og er gert ráð fyrir að hún verði auglýst á vormánuðum 2013.

Á árinu var unnið deiliskipulag fyrir Langasjó og Eldgjá. Á báðum stöðum er gert ráð fyrir samskonar uppbyggingu og við Laka, þ.e. látlausu viðveruhúsi og gestamóttöku auk salernis (*sjá mynd hér fyrir ofan*). Næsta sumar verður lögð áhersla á að ljúka uppbyggingu í Eldgjá. Við Langasjó er gert ráð fyrir litlu tjaldsvæði við suðvesturenda vatnsins, auk áningaraðstöðu, og verður vonandi hægt að hefjast handa við þær framkvæmdir sumarið 2014.

## LANDVARSLA OG FRÆÐSLA

Sex landverðir störfuðu á vestursvæði í sumar, auk tveggja afleysingalandvarða.

Í Lakagígum voru Helga Lucie Andrée Káradóttir og Þorbjörg Ása Jónsdóttir, á Fjallabaki (*Eldgjá og Langasjó*) með aðsetur í Hólaskjóli voru Róbert Sigurjónsson og Þórður Reynisson og á Sprengisandsleið með aðsetur í Nýjadal voru Guðmundur Árnason og Gunnar Njálsson. Afleysingalandverðir voru Jóna Guðný Eyjólfsdóttir og Örn Þór Hallgrímsson. Kári Kristjánsson sem verið hefur í Lakagígum undanfarin sumur hafði yfirumsjón með landvörslu á hálendinu norðan og vestan Vatnajökuls.

Starfið gekk afar vel og áfallalaust. Boðið var upp á skipulagðar gönguferðir með landvörðum í Lakagígum, Hólaskjóli og í Nýjadal en færri gestir mættu í þær en vonast hafði verið til.

Þjóðgarðurinn tók þátt í rekstri Skaftárstofu – upplýsingamiðstöðvar sumarið 2012 eins og undanfarin sumur. Sýningin þar var með sama sniði og í fyrra en bætt var við upplýsingaspjöldum og ný stuttmynd um þjóðgarðinn frumsýnd. Starfsmaður þjóðgarðsins í upplýsingamiðstöðinni var Puríður Helga Benediktsdóttir.

Heildarfjöldi gesta sumarið 2012 var 15.500 sem er nokkur fjölgun frá fyrra sumri.



Sjáfboðaliðar leggja hellustíg að gígnum við bílastæðið í Eldgjá sumarið 2012. © Þórður Reynisson

## GESTASTOFA – ÞEKINGARSETUR

á Kirkjubæjarklaustri verður að veruleika.

Í nóvember síðastliðnum kynnti ríkisstjórnin nýja fjárfestingaráætlun til næstu þriggja ára. Meðal verkefna er bygging Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Samtals 870 milljónir króna verða lagðar í verkið, 290 m.kr. á ári til næstu þriggja ára.

Þekkingarsetrið mun hýsa gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs, Errósetur, þekkingarstarfsemi Kirkjubæjarstofu, Háskóla Íslands o.fl. og skrifstofur og upplýsingamiðstöð Skaftárhrepps.

Arkís arkitektar hafa unnið frumtillögu að byggingunni. Samkvæmt henni verður brúttóstærð hússins rúmir 1600 m<sup>2</sup>. Rýmishlutdeild samstarfsaðila er áætluð eftirfarandi: Vatnajökulsþjóðgarður 48%, Errósetur 26%, Kirkjubæjarstofa og skyldir aðilar 16% og Skaftárhreppur 10%.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur gengið frá samningi við landeigendur um lóð undir bygginguna á bökkum Skaftár sunnan félagsheimilisins Kirkjuhvals.

Verkfræðistofan Verkís hf. hefur gert áhættumat fyrir lóðina vegna flóðahættu í Skaftá. Í forsendum Verkís fyrir staðsetningu hússins er miðað við að byggingin standist mestu flóð með 1000 ára endurkomutíðni.

Meginniðurstöður þess mats er að bygging á nefndri lóð, á fyllingu með gólfhæð í um 24,5 m.y.s., muni ekki stafa hætta af flóðum í ánni.

Miðað er við að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um byggingu hússins og er verið að ganga frá samningum við hana um þessar mundir. Endanleg hönnun hússins fer af stað með fullum þunga á nýju ári og standa vonir til að jarðvinna geti hafist haustið 2013.



Lóð undir Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri skoðuð 30. ágúst 2012. Frá hægri: Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri, Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur, Erró, Egill Guðmundsson, arkitekt og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Erró heldur á mynd af listaverkinu Facescape sem prýða mun andyri Þekkingarsetursins.